



ÍþRÓTTAFÓLK ÁRSINS

2021



ÍþRÓTTA- OG
ÓLYMPÍUSAMBAND
ÍSLANDS





Akstursíþróttakona og Akstursíþróttamaður ársins eru Sigurbjörg Björgvinsdóttir og Arnar Elí Gunnarsson



Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

Sigurbjörg hóf keppni í Rallýcrossi seinnipart sumars 2019.

Sigurbjörg hefur verið að keppa í 2000cc flokki. Sigurbjörg hefur sýnt stöðuga framför og hefur hún margssinnis endað á verðlaunapalli.

Sigurbjörg er góð fyrirmund og hefur prúða og jákvæða framkomu og verið til fyrirmynadar bæði inni á brautinni sem utan.

Sigurbjörg er fyrirmund margra ungra stúlkna sem hafa áhuga á íþróttinni og hefur hún verið dugleg við að gefa af sér og hvetja stelpur til þess að hika ekki og koma og vera með.

Sigurbjörg er meðal annars í forsvari fyrir að auka hlutfall kvenna í íslenskum akstursíþróttum.

Arnar Elí Gunnarsson

Aldur: 29 ára

Félag: Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

Arnar byrjaði að keppa í Rallycrossi í lok sumars 2019 þar sem hann keppti í 1000cc floknum.

Arnar Elí er einn af þremur ökumönnum sem keppa undir Team Kraftflutningar í Rallycrossinu.

Arnar Elí hefur sýnt gríðarlega framför með hverri keppni og er hann bæði Íslands-og Bikarmeistari 2021.

Þess má geta að Arnar var á verðlaunapalli í öllum keppnum sumarsins.

Arnar er góð fyrirmund og hefur prúða og jákvæða framkomu og verið til fyrirmynadar bæði inn á brautinni sem utan.

Arnar Elí hefur verið lengi í kringum motorsport, þar á meðal þjónustuliði í torfáru í nokkur ár og eitthvað í kringum götusprunu og sandsprunu.



Badmintonkona og Badmintonmaður ársins eru Drífa Harðardóttir og Daníel Jóhannesson



Drífa Harðardóttir

Aldur: 44 ára

Félag: Badmintonfélag Akraness

Drífa Harðardóttir á farsælan feril að baki í badminton en þetta er í fyrsta skipti sem hún er valin Badmintonkona ársins.

Drífa er Íslandsmeistari í tvíliðaleik og tvenndarleik árið 2021 og einnig heimsmeistari í tvíliðaleik og tvenndarleik í flokki 40-44 ára árið 2021.

Drífa er búsett í Danmörku þar sem hún spilar í fyrir Hvidovre í dönsku deildinni.

Drífa hefur 12 sinnum orðið Íslandsmeistari í tvíliðaleik og tvenndarleik í badminton.

Daníel Jóhannesson

Aldur: 25 ára

Félag: Tennis-og badmintonfélag Reykjavíkur(TBR)

Daníel Jóhannesson er Badmintonmaður ársins árið 2021. Þetta er í fyrsta skiptið sem Daníel hlýtur þann titil.

Daníel hefur spilað vel á árinu en hann varð íslandsmeistari í einliðaleik karla árið 2021 ásamt því að fá tvö silfurverðlaun, í tvíliðaleik og tvenndarleik.

Þetta var annar Íslandsmeistaratitill en hann sigraði í tvíliðaleik árið 2018.

Hann var einnig efstur á stigalista badminton-sambandsins í einliðaleik og tvenndarleik á árinu.

Daníel hefur sigrað á öllu móturnum ársins í einliðaleik.

Blakkona og Blakmaður ársins eru **Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Ragnar Ingi Axelsson**



Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir

Aldur: 32 ára

Félag: Hylte/Halmstad í Svíþjóð

Jóna Guðlaug er Blakkona ársins 2021, annað árið í röð. Jóna sem hóf feril sinn hjá Þrótti í Neskaupstað hefur verið útnefnd Blakkona ársins sex sinnum en hún hlaut nafnbótina fyrst árið 2005.

Hún hefur sl. ár leikið sem atvinnumaður í blaki og spilar með liði Hylte/Halmstad í Svíþjóð.

Jóna Guðlaug er fyrirliði Hylte/Halmstad og gegndi lykilhlutverki í liðinu sem varð þrefaldur meistari á vormánuðum, lyfti Jóna deildarmeistara- og bikarmeistararatitli ásamt því að verða Svíþjóðarmeistari í blaki.

Í uppgjöri sænsku úrvalsdeildarinnar var Jóna valin í lið ársins.

Um árabil hefur Jóna Guðlaug verið fyrirliði íslenska kvennalandslíðsins í blaki og á að baki 84 landsleiki auk þess sem hún lék með öllum yngri landsliðum Íslands.

Á yfirstandandi keppnistímabili er lið Jónu Guðlaugar í toppsæti sænsku úrvalsdeildarinnar og hefur liðið ekki tapað leik það sem af er keppnistímabilinu

Ragnar Ingi Axelsson

Aldur: 25 ára

Félag: Íþróttafélagið Hamar

Ragnar Ingi er Blakmaður ársins 2021 og ber nafnbótina í fyrsta skipti.

Ragnar hóf sinn blakferil, líkt og margir aðrir, í Neskaupstað.

Í fyrra gekk Ragnar til liðs við nýliða Hamars í Úrvalsdeild karla og spilaði lykilhlutverk í liðinu, vann alla þrjá stóru titlana sem í boði voru á tímabilinu en Hamar varð deildar-, Íslands- og bikarmeistari í vor.

Ragnar var valinn í lið ársins í uppgjöri Úrvalsdeildar að keppnistímabilinu loknu.

Ragnar Ingi leikur í stöðu frelsingja og hefur verið einn besti varnarmaður Úrvalsdeildarinnar á liðnum árum. Hann er með bestu tölfraðina í sinni stöðu það sem af er þessu tímabili og var á dögunum valinn í úrvalslið Úrvalsdeildarinnar eftir fyrri hluta tímabilsins.

Ragnar og lið hans Hamar, hafa ekki enn tapað leik á árinu 2021 og eru ósigaðir í 32 keppnisleikjum í röð.

Ragnar Ingi er leikmaður A landsliðsins og á að baki 15 leiki og hefur einnig leikið með öllum yngri landsliðum Íslands.



Bogfimikona og Bogfimimaður ársins eru Marín Aníta Hilmarsdóttir og Oliver Ormar Ingvarsson



Marín Aníta Hilmarsdóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Bogfimifélagið Boginn – Kópavogi

Marín Aníta er Bogfimikona BFSÍ annað árið í röð.

Marín varð Norðurlandameistari með miklum yfirburðum í U18 flokki í Ólympískum sveigboga í júlí.

Hæsta skor Marínar í opnum flokki (fullorðinna) á árinu var 616 stig á Íslandsmeistaramótí í júlí, þar sem hún sló Íslandsmeitið sem hún setti sjálf mánuði fyrr í París á lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika í Tókýó. 616 er hæsta skor af öllum landsmeistaramótum fullorðinna á Norðurlöndum árinu. Lágmörk fyrir Ólympíuleika eru 605 stig og meðalskor á Ólympíuleikum síðustu 20 ár er 626. Þrátt fyrir að hafa náð lámarksvisiðmiðum dugði það ekki til þátttökurétt.

Marín vann öll innlend mótt sem hún kepti í árinu. Þetta var fyrsta ár Marínar í A/B landsliðsverkefnum BFSÍ og tók hún þátt á HM ungmenna, Heimsbikarmótí og lokakeppni um sæti Á Ólympíuleika í Tókýó.

Áhugavert um Marín er að 2018 þegar hún tók þátt í sínu fyrsta Norðurlandameistaramótí ungmenna 14 ára gömul var hún í næst síðasta sæti í U16 flokki (29 af 30). Þremur árum síðar er hún í Norðurlandameistari með tölvverðum yfirburðum í U18 flokki (1 af 27) og því um stórt hopp í getustigi á stuttum tíma. Þrautseigja, bolinmæði og að hafa gaman af því sem þú gerir drífur árangur.

Oliver Ormar Ingvarsson

Aldur: 20 ára

Félag: Bogfimifélagið Boginn – Kópavogi

Síðustu 2 ár hefur Oliver átt hæstu skor ársins í undankeppni innandyra og utandyra í opnum flokki (fullorðinna) og U21 í Ólympískum sveigboga á Íslandi. Heppnin hefur ekki fylgt honum í lokakeppni (útsláttarkeppni) móta. Oliver tapaði Íslandsmeistartitlinum utandyra í tvöföldum bráðabana, bráðabanar eru algengir í bogfimi en að það þurfi bráðabana til þess að skera úr um úrslit bráðabana er eitt af því sjaldgæfasta sem gerist í íþróttinni.

Á stærstu mótaröð í heiminum WA Indoor World Series stóð Oliver sig vel og endaði meðal efstu 25% keppenda í janúar og meðal efstu 20% keppenda í febrúar. Fleiri en 5000 skráningar voru í mótaröðina í sveigboga karla og yfir 25.000 skráningar á mótaröðina í heild sinni.

Oliver var í 5. sæti á Norðurlandameistaramótí ungmenna þrátt fyrir búnaðarbilun þar sem boginn hans sprakk í sundur í keppninni. 2021 keppti Oliver m.a. á HM ungmenna, Heimsbikarmótí og Final Qualification Tournament fyrir ÓL í París, þar sem hann komst í lokakeppni í öllum verkefnum en var sleginn út snemma. Hann sló Íslandsmeitin í U21 flokki fjórum sinnum á árinu og sló parakeppnis landsliðsmeit fullorðinna í París ásamt Marín. Oliver er m.a. að miða á að vinna þátttökurétt á Evrópileika 2023 og Ólympíuleika 2024.



Borðtenniskona og Borðtennismaður ársins eru Nevena Tasic og Ingi Darvis Rodriguez



Nevena Tasic

Aldur: 30 ára

Félag: Víkingur

Nevena Tasic er Borðtenniskona ársins í annað skipti og annað árið í röð.

Nevena er ríkjandi Íslandsmeistari í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik en þar að auki er hún deildarmeistari með liði Víkings.

Nevena sigraði öll Grand Prix móttíðin síðasta keppnistímabils og á árinu hefur Nevena aðeins tapað þremur leikjum, en unnið 45 leiki.

Ingi Darvis Rodriguez

Aldur: 19 ára

Félag: Víkingur

Ingi Darvis Rodriguez var kosinn Borðtennismaður ársins í annað sinn, hið fyrra árið 2019.

Ingi er fastamaður í landsliði Íslands, Íslandsmeistari í tvenndarleik, silfurverðlaunahafi í einliðaleik og tvíliðaleik.

Eftir að hafa spilað með liði Heros í Noregi árið 2020 sneri Ingí aftur heim til Íslands og er nú deildarmeistari með liði Víkings.



Dansarar ársins eru **Sara Rós Jakobsdóttir og Nicolò Barbizi**



Sara Rós Jakobsdóttir Nicolò Barbizi

Aldur: 29 ára Aldur: 26 ára

Félag: Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar Félag: Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

Dansíþróttasamband Íslands hefur kosið Nicolo Barbizi og Söru Rós Jakobsdóttur frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar sem dansíþróttapar ársins 2021.

Nicolò Barbizi og Sara Rós Jakobsdóttir hafa dansað saman frá því í janúar árið 2016. Þau eru búsett í Aarhus í Danmörku þar sem þau stunda æfingar og ferðast á danskeppnir um Evrópu og víðar um heiminn. Þau keppa fyrir Íslands hönd og eru meðlimir í Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

Keppnisárið 2021 var mjög óvanalegt hjá þeim vegna áhrifa COVID-19.

Fyrri hluta ársins féllu nánast allar keppnir í heiminum niður, utan Íslands, Á Íslandi tókst að halda öll skipulögð dansmót, á árinu m.a. Íslandsmeistaramótin. Stóru dansmótin erlendis voru haldin í seinnipart ársins.

Nicolo og Sara kepptu í janúar á Lottó Open og RIG þar sem þau sigruðu bæði standard og latin í fullorðinsflokk. Þau urðu svo Íslandsmeistarar í latin dönum í febrúar og 10 dönum í mars, en gátu ekki tekið þátt á Íslandsmeistaramótinu í standard dönum vegna veikinda.

Í september hófust svo keppnir erlendis á ný, þau tóku þátt í WDSF Open í Plovdiv í Búlgaríu og komust þar alla leið í úrslit í báðum greinum, og enduðu í 6. sæti í latin og 5. sæti í standard.

Þau tóku þátt í eftirfarndi þemur stórmótum. EM í 10 dönum í Kiev þar sem þau enduðu í 16. sæti, EM í Latin í Cagliari þar sem þau fengu 39. sætið, og HM í 10 dönum í Elblag þar sem þau fengu 20. sætið. 6. nóvember tóku þau svo þátt í Lottó Open latin sem haldið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu Hafnarfirði og Norðurlandameistaramótí standard dönum sem að haldið var 7. nóvember á sama stað. Þau sigruðu báða flokkana og eru því Norðurlandameistarar í standard dönum. Nú bíða þau bara spennit eftir að næsta ár verði komið á fullt aftur í danskeppnum svo að mótin verði fleiri.



**Fimleikakona og Fimleikamaður ársins eru
Kolbrún Þöll Þorradóttir og Helgi Laxdal Aðalgeirsson**



Kolbrún Þöll Þorradóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Umf. Stjarnan

Kolbrún Þöll var máttarstólpi í kennalandslíði Íslands á Evrópumótí í hópfimleikum nú í desember þegar liðið tryggði sér Evrópumeistaratitillinn. Kolbrún keppti í öllum umferðum í undanúrslitum og í úrslitunum og skilaði öllum sínum stökkum og gólfæringum með glæsibrag. Stökkin hennar voru á meðal þeirra erfiðustu sem framkvæmd voru á mótinu, sem hún framkvæmdi á trampólíni bæði í undanúrslitum og úrslitum við mikinn fögnum fögnum fímaleikaheimsins. Kolbrún Þöll er fyrsta konan til þess að keppa með það stökk á Alþjóðlegu móti, hún keppti einnig með þetta stökk 2016. Engin hefur leikið það eftir í millitíðinni.

Kolbrún Þöll var ein af sex fímaleikakonum á EM sem var valin í úrvalslið Evrópumótsins „All stars“ liðið, en hún hefur verið valin í það lið á síðustu 4 Evrópumótum, 2014, 2016, 2018 og núna 2021. Kolbrún var að keppa á sínu 5. Evrópumótí en hún var í sigurliði Íslands árið 2012, þegar stúknaliðið varð Evrópumeistari og er þetta því hennar annar Evrópumeistaratitill. Kolbrún er fímaleikakona á heimsmælikvarða sem eftir er tekið á öllum mótmum, hvort sem er á Íslandi eða erlendis, vegna stórkostlegra hæfileika og góðrar framkvæmdar í stökkum, sem og í gólfæringum.

Kolbrún varð á árinu Íslands – og Bikarmeistari með félagsliði sínu, Stjörnunni, og spilar þar ekki síður stórt hlutverk en í landsliðinu.

Helgi Laxdal Aðalgeirsson

Aldur: 22 ára

Félag: Umf. Stjarnan

Helgi var í karlalandslíði Íslands á nýafstöðnu Evrópumótí í hópfimleikum þegar liðið tryggði sér 2. sæti en það er í fyrsta sinn sem karlaliðið kemst á pall.

Hann keppti fyrstur í heiminum með framseríuna skrúfa-kraftstökk-tvöfalt heljarstökk með beinum líkama og tveimur og hálfri skrúfu á dýnu og braut þar blað í fímaleikasögunni. Hann var valinn í úrvalslið mótsins, einn af sex fímaleikamönnum á öllu mótinu sem fengu þann heiður, en Helgi var valinn fyrir stökkin sem hann framkvæmdi á dýnu. Helgi keppti einnig með yfirslag með tvöföldu heljarstökk og hálfri skrúfu og þrefalt heljarstökk með tveimur og hálfri skrúfu á trampólíni og er þar á pari við allra bestu fímaleikamenn heims í erfiðleika. Helgi keppti ásamt liðinu sínu á Bikar- og Íslandsmóti í vor og hampaði þar Íslands og Bikarmeistaratitum.

Hann hefur löngum vakið athygli fyrir mikla útgeislun á dansgólfínu þar sem hann nýtur sín vel og skilar dansinum virkilega vel frá sér, Helgi er einnig framúrskarandi góður stökkvari og keppir iðullega í öllum umferðum þegar að liðið hans keppir.



Frjálsíþróttakona og Frjálsíþróttamaður ársins eru Erna Sóley Gunnarsdóttir og Guðni Valur Guðnason



Erna Sóley Gunnarsdóttir

Aldur: 21 ára

Félag: ÍR

Kúluvarparinn Erna Sóley Gunnarsdóttir er Frjálsíþróttakona ársins.

Erna Sóley er á þriðja ári í Rice University í Texas fylki. Hún varð svæðismeistari í kúluvarpi innanhúss og keppti til úrslita á Bandaríkska háskólameistaramótinu.

Hún vann til gullverðlauna í Evrópublikarkeppni landsliða og komst í úrslit á Evrópumeistaramóti U23.

Erna bætti Íslandsmeitin í kúluvarpi bæði innan- og utan-húss á árinu. Erna kastaði lengst 16,95metra.

Hún er í 38. sæti á Evrópulista í kúluvarpi kvenna og í 8. sæti á Evrópulista í flokki U23 ára.

Guðni Valur Guðnason

Aldur: 26 ára

Félag: ÍR

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason er Frjálsíþróttamaður ársins.

Guðni vann til silfurverðlauna á Evrópska bikarkastmótinu í Split með kasti upp á 63,66 metra.

Guðni keppti á Ólympíuleikunum sem fram fóru í Tókýó.

Hann náði frábæru þriðja sæti á Göteborgs Fridrott Grand Prix á eftir gull- og silfurverðlaunahöfunum frá Ólympíuleikunum með kasti uppá 64,92m. Hann kastaði lengst 65,39 metra á sterku móti í Svíþjóð sem var að auki stigahæsta afreks Íslendinga í ár. Hann er í sautjánanda sæti á Evrópulistanum.



Glímukona og Glímumaður ársins eru
Heiðrún Fjóla Pálsdóttir og Ásmundur Hálfðán Ásmundsson



Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Umf. Njarðvíkur (UMFN)

Heiðrún er Glímukona ársins í fyrsta sinn.

Hún hefur stundað glímu í um sex ár og átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum á árinu.

Heiðrún keppti á öllum mótum GLÍ á árinu, var iðulega í verðlaunasæti og þrátt fyrir hnífjafna kepnni í kvenna-flokkunum þá sigraði hún í þeim fjórum.

Heiðrún er til fyrirmynadar jafnt innan vallar sem utan.

Ásmundur Hálfðán Ásmundsson

Aldur: 27 ára

Félag: Umf. Valur, Reyðarfirði

Ásmundur er Glímumaður ársins í fimmta sinn.

Hann hefur stundað glímu í um 19 ár og var afar sigursæll á árinu sem er að líða.

Hann hlaut Grettisbeltið í fimmta sinn og sigraði öll þau móti sem hann keppti á með fullt hús stiga.

Ásmundur hefur verið einn fremsti glímumaður Íslands undanfarin ár og er til fyrirmynadar jafnt innan vallar sem utan.



Kylfingar ársins eru

Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Haraldur Franklín Magnús



Guðrún Brá Björgvinsdóttir

Aldur: 27 ára

Félag: Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði

Þetta er í annað sinn sem Guðrún Brá er Kylfingur ársins.

Hún gerðist atvinnukylfingur árið 2018 og er með keppnisrétt á LET Evrópumótaröðinni – sem er sterkasta atvinnumótaröð í kvennafllokki í Evrópu.

Guðrún Brá er fjórða konan frá Íslandi sem tryggir sér keppnisrétt á LET Evrópumótaröðinni. Alls lék Guðrún Brá á 14 móturnum á LET Evrópumótaröðinni á þessu tímabili og komst í gegnum niðurskurðinn í 9 móturnum. Besti árangur hennar á tímabilinu er 12. sæti.

Guðrún Brá lék á lokamóti LET Evrópumótaraðarinnar annað árið í röð. Hún endaði í 75. sæti á stigalista mótaröðarinnar en árið áður endaði hún í 127. sæti. Með árangri sínum hefur hún tryggt sér keppnisrétt á LET Evrópumótaröðinni á næsta tímabili sem hefst í febrúar 2022.

Á heimslistanum hefur Guðrún Brá farið upp um tæplega 255 sæti á þessu ári en hún er í sæti nr. 619 á heimslistanum.

Haraldur Franklín Magnús

Aldur: 30 ára

Félag: Golfklúbbur Reykjavíkur

Þetta er í þriðja sinn sem Haraldur er Kylfingur ársins, fyrst árið 2012 þegar hann fagnaði sínum fyrsta Íslandsmeistartitli og í annað sinn árið 2018.

Haraldur Franklín endaði í 48. sæti á stigalistanum sem er besti árangur hans á mótaröðinni. Í fyrra endaði hann í 85. sæti á listanum. Haraldur Franklín var aðeins þremur sætum frá því að komast inn á lokamót Áskorendamótaraðarinnar.

Besti árangur hans á tímabilinu var 2. sæti í móti í Hollandi í lok ágúst þar sem hann spilaði bráðabana um sigurinn. Alls lék Haraldur Franklín á 19 móturnum á Áskorendamótaröðinni og er hann með fullan keppnisrétt á Áskorendamótaröðinni á næsta tímabili sem hefst í byrjun ársins 2022.

Haraldur Franklín hefur farið hratt upp heimslistann á þessu tímabili. Hann hóf árið í sæti nr. 685 en á árinu fór hann upp um tæplega 100 sæti og situr hann nú í 592. sæti.



Handknattleikskona og Handknattleiksmaður ársins eru Rut Arnfjörð Jónsdóttir og Ómar Ingi Magnússon



Rut Arnfjörð Jónsdóttir

Aldur: 31 ára

Félag: KA/Pór

Handknattleikskona ársins 2021 er Rut Arnfjörð Jónsdóttir, 31 árs hægri skytta KA/Pór og fyrirliði A landsliðs kvenna.

Rut var bæði Íslands- og deildarmeistari með KA/Pór á árinu en það voru fyrstu stóru titlar KA/Pór frá stofnun félagsins. Hún skoraði 87 mörk í 14 leikjum fyrir félagið og var valin besti sóknarmaður og besti leikmaður Olísdeilda kvenna auk þess að fá Sigríðarbikarinn sem mikilvægasti leikmaður deildarinnar valinn af þjálfurum. Rut lék með yngri flokkum og meistaraflokk HK áður en hún hélt í atvinnumennsku til Danmerkur aðeins 18 ára gömul. Í Danmörku lék hún með Team Tvis Holstebro, Randers HK, FCM Håndbold og Team Esbjerg áður en hún kom aftur heim sumarið 2020 og hefur síðan leikið með KA/Pór. Rut varð danskur meistari með Esbjerg 2019 og Evrópumeistari (EHF-cup) með Holstebro 2013. Rut hefur leikið 104 landsleiki og skoraði í þeim 215 mörk, auk þess hefur hún verið fyrirliði liðsins undanfarin misseri.

Þetta er í annað sinn sem Rut hreppir nafnbótina Handknattleikskona ársins en hún var síðast valin 2013. Hún hefur alla tíð verið verið mikil fyrirmynnd bæði innan og utan vallar þar sem bæði yngri og eldri iökendur líta upp til hennar.

Ómar Ingi Magnússon

Aldur: 24 ára

Félag: SC Magdeburg, Þýskalandi

Handknattleiksmaður ársins er Ómar Ingi Magnússon, 24 ára hægri skytta Madgeburg í Þýskalandi og A landsliðs karla.

Ómar Ingi vann bæði EHF European League og IHF Super Globe með Magdeburg á árinu en auk þess lenti liðið í 3. sæti í þýsku deildinni. Hann skoraði 274 mörk í deildarkeppninni í Þýskalandi og endaði sem markakóngur þýsku deildarinnar. Þegar þetta er skrifað er Magdeburg í efsta sæti þýsku deildarinnar og hefur ekki tapað leik á yfirstandandi tímabili hvort sem er heima fyrir eða í Evrópukeppni.

Ómar kemur úr sterku yngri flokka starfi á Selfossi og spilaði með meistaraflokk bæði á Selfossi og með Val áður hann hélt í atvinnumennsku til Danmerkur. Þar lék hann með bæði Århus håndbold og Ålborg håndbold áður en hann flutti sig um set og hóf að leika með Magdeburg sumarið 2020.

Ómar hefur leikið 56 landsleiki og skorað í þeim 150 mörk.

Það má segja að handknattleiksferill Ómars hafi sprungið út eftir að hann flutti sig um set til Þýskalands og hefur framganga hans vakið mikla athygli úti í heimi, Selfyssingurinn er því vel kominn að titlinum Handknattleiksmaður ársins.



Knapi ársins er Árni Björn Pálsson



Árni Björn Pálsson

Aldur: 39 ára

Félag: Hestamannafélagið Fákur

Árni Björn Pálsson átti frábæru gengi að fagna í ár í öllum greinum hestamennskunnar. Íslandsmeistari í tölti á Ljúfi frá Torfunesi með einkunnina 9,44 og efstur á stöðulista í þeirri grein með einkunnina 9,20. Reykjavíkurmeistari í tölti á Hátíð frá Hemlu með 9,28 í einkunn.

Hann er efstur á stöðulista ársins í fimmgangi á Kötlu frá Hemlu II með 7,73 í einkunn og reið henni til úrslita í þeirri grein á Íslandsmótinu.

Árni Björn er ofarlega á stöðulistum í öllum vegalengdum skeiðgreina á þeim Óliver frá Hólaborg og Ögra frá Horni.

Hann sýndi Ljósvaka frá Valstrýtu í B-flokki gæðinga og reið honum í 8,80 í forkeppni sem er þriðja hæsta einkunna ársins. Þá náði hann frábærum árangri í gæðingaskeiði á Snilld frá Laugarnesi.

Árni Björn er á meðal fremstu íþróttamanna landsins og mætir alltaf einbeittur og vel undirbúinn til leiks hann er öðrum knöpum fyrirmund í framkomu.





HJÓLREIÐASAMBAND
ÍSLANDS

Hjólreiðakona og Hjólreiðamaður ársins eru Arna Sigríður Albertsdóttir og Ingvar Ómarsson



Arna Sigríður Albertsdóttir

Aldur: 31 ára

Félag: Hjólreiðafélag Reykjavíkur

Arna Sigríður keppti á Paralympics í Tókýó sem voru haldnir í ár og var hún fyrsti handhjólarí Íslands til að komast á ólympíuleika. Hún æfir af kappi, ferðast mikið erlendis á móti og fer nokkrar ferðir á ári erlendis í æfingabúðir.

Arna Sigríður hefur keppt á EM ásamt fleiri erlendum mónum fyrir hönd Íslands.

Hún er einstaklega jákvæð og flott íþróttakona og fyrirmund margra.

Ingvar Ómarsson

Aldur: 32 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Ingvar átti frábært ár og landaði þremur Íslandsmeistartitlum; í götuhjólreiðum, fjallahjólreiðum og maraþonhjólreiðum. Þá varð hann bikarmeistari í tímatóku og náði frábærum árangri á bikarmótinu í fjallahjólreiðum og Íslandsmótinu í tímatóku. Jafnframt hefur Ingvar náð mögnuðum og eftirtektarverðum árangri á erlendri grundu, sér í lagi í maraþonfjallahjólreiðum og er núna í 41. sæti á heimslistanum sem er langbesti árangur Íslendinga í hjólreiðum frá upphafi.

Hann fór í fimm keppnisferðir erlendis og keppti í tímatóku, götuhjólreiðum og maraþonfjallahjólreiðum. Ingvar er afar metnaðarfullur hjólreiðamaður og hefur verið einn fremsti hjólreiðamaður landsins síðustu tíu árin. Þrátt fyrir að ná góðum árangri þá setur Ingvar alltaf stefnuna enn ofar. Hann náði að fara í fimm keppnisferðir í byrjun árs og í lok sumars og hefur verið að bæta sig stöðugt í keppni við bestu hjólara í heimi.

Ingvar hefur unun af því að miðla af reynslu sinni, sérstaklega til ungra hjólara, en hann sá enn á ný um ungingaæfingar hjá Breiðablik við góðan orðstír.



Hnefaleikakona og Hnefaleikamaður ársins eru Hildur Kristín Loftsdóttir og Mikael Hrafn Helgason



Hildur Kristín Loftsdóttir

Aldur: 15 ára

Félag: Hnefaleikafélag Reykjavíkur

Hildur Kristín byrjaði fyrst að keppa í ólympískum hnefaleikum á árinu og hefur sýnt glæsilegan árangur í íþróttinni og kepnum hérlandis sem erlendis.

Hildur Kristín var eina og fyrsta stelpan valin í unglingslandslið HNÍ og fór í sína fyrstu landsliðsferð til Hilleröd í Danmörku. Hildur keppti þar two bardaga og vann þá báða og var svo valin besta hnefaleikakona hringsins sem hún keppti í á mótinu.

Hún varð líka Bikarmeistari HNÍ í flokki U17 54-kg kvenna þar sem hún var stigahæst og með flesta sigra í sínum flokki. Hún tók einnig þátt á Íslandsmeistaramótí HNÍ 2021 þar sem hún varð Íslandsmeistari í sínum flokki.

Á lokahófi HNÍ var Hildur Kristín svo valin Hnefaleikakona ársins 2021 fyrir glæsilegan árangur á árinu.

Mikael Hrafn Helgason

Aldur: 16 ára

Félag: Hnefaleikafélag Reykjavíkur

Mikael byrjaði fyrst að keppa í ólympískum hnefaleikum á árinu og hefur staðið sig gríðarlega vel og sýnt framúrskarandi árangur í íþróttinni og kepnum hérlandis sem erlendis.

Mikael var valinn í fyrsta unglingslandslið HNÍ og fór í sína fyrstu landsliðsferð til Hilleröd í Danmörku þar sem hann stóð sig mjög vel og vann bardagann ásamt því að vera valinn hnefaleikamaður hringsins sem hann keppti í á mótinu.

Mikael varð einnig Bikarmeistari HNÍ í flokki U17 -67kg karla þar sem hann var stigahæstur og með flesta sigra í sínum flokki. Hann tók einnig þátt á Íslandsmeistaramótí HNÍ 2021 þar sem hann keppti two bardaga sem hann vann og varð Íslandsmeistari í sínum flokki. Hann var svo valinn boxari mótsins á Íslandsmeistaramótinu og hlaut því farandsbikar HNÍ fyrir þann árangur.

Á lokahófi HNÍ var hann Mikael Hrafn svo valinn Hnefaleikamaður ársins 2021 fyrir glæsilegan árangur á árinu.



Íshokkíkona og Íshokkímaður ársins eru Heiða Karen Fylkisdóttir og Bjarki Reyr Jóhannesson



Kristín Ingadóttir

Aldur: 25 ára

Félag: Umf. Fjölnir

Kristín hefur átt mjög góðan feril að baki. Hún byrjaði ung að árum eða 5 ára árið 2001 að spila með Birninum og hefur spilað með því liði nánast allan sinn feril. Svíþjóð fékk að njóta hæfileika hennar tímabilið 2019-2020 en þá spilaði hún í næst efstu deild þar í landi með liðinu Färjestad BK. Að því loknu hélt hún aftur heim til að ljúka námi og hefur verið einn af sterkustu leikmönnum Fjölnis síðan.

Kristín hefur haft gríðarlega mikil áhrif á íshokkí kvenna hér á landi með metnað sínum, framkomu, dugnaði og hæfileikum. Hún hefur verið máttarstólpi í liði Fjölnis og verið einn sterkasti leikmaður Reykjavíkurliðanna.

Kristín hefur einnig átt glæstan feril með íslenska kvennalandsliðinu í íshokkí þar sem hún hefur á seinni árum verið ein af fyrirliðum þess. Fyrsti leikur hennar með landsliðinu var á Spáni árið 2013 þar sem hún skoraði sitt fyrsta mark, í sínum fyrsta leik fyrir þjóðina í sinni fyrstu skiptingu.

Kristín er snögg, teknísk, dugleg og hvetjandi leikmaður sem gefst aldrei upp og er öðrum góð fyrirmynnd. Hún er ein af þeim leikmönnum sem standa alltaf fyrir sínu hvort sem það er með kvennalandsliði Íslands eða heimaliði sínu.

Bjarki Reyr Jóhannesson

Aldur: 25 ára

Félag: Skautafélagi Reykjavíkur

Bjarki Reyr hefur leikið með Skautafélagi Reykjavíkur allan sinn feril og er þar fyrirliði í meistaraflokk karla.

Bjarki hefur átt fjölda marka í veturn auk stoðsendinga. Hann er burðarásinn í öllum leikjum SR, tekur virkan þátt í öllum æfingum og er fyrirmund margra yngri iðkenda.

Bjarki Reyr hefur átt sæti í landsliðum Íslands til fjölda ára, fyrst árið 2011 með landsliði U18 og svo í kjölfarið U20 og nú hin síðari ár hefur hann átt fast sæti í A-landsliðinu.

Bjarki Reyr er þekktur fyrir vinnusemi, hann er traustur liðsfélagi og án efa einn af okkar bestu íshokkíleikmönnum fyrr og síðar.



Íþróttakona og Íþróttamenn fatlaðra ársins eru Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir, Már Gunnarsson og Róbert Ísak Jónsson



Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir

Aldur: 21 ára

Félag: Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Þetta er fjórða árið í röð sem Bergrún hlýtur nafnbótina en þar með varð hún aðeins önnur íslenskra kvenna til þess að verða valin fjögur ár í röð. Fyrir var það aðeins Kristín Rós Hákonardóttir sundkona sem hafði hlotið útnefninguna fjórum sinnum í röð eða oftar.

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir hefur síðustu tvö tímabil keppt fyrir FH en nú í lok árs 2021 hefur hún ákveðið að skipta á nýjan leik til ÍR.

Bergrún setti tvö ný Íslandsmeðal í kúluvarpi á árinu og keppti í fyrsta sinn á Paralympics.

Bergrún vann til silfurverðlauna á EM í Póllandi í kúluvarpi þegar hún varpaði kúlunni 8.76 metra og skömmu síðar stórbætti hún Íslandsmeðal og það á Paralympics í Tokyo þegar hún hafnaði í 7. sæti eftir að hafa varpað kúlunni 9,57 metra.

Már Gunnarsson

Aldur: 22 ára

Félag: ÍRB

Róbert Ísak Jónsson

Aldur: 20 ára

Félag: Fjörður/SH

Í fyrsta sinn í sögu Íþróttasambands fatlaðra eru tveir íþróttamenn sem báðir hljóta nafnbótina Íþróttamaður fatlaðra. Íþróttamenn ársins eru sundmennirnir Már Gunnarsson, ÍRB og Róbert Ísak Jónsson, SH. Magnað afreksár er að baki hjá báðum íþróttamönnum og eftir mikla umhugsun ákvað stjórn ÍF að ekki væri hægt að gera upp á milli þessara tveggja öflugu sundmanna.

Már og Róbert háðu harða baráttu um nafnbótina en báðir settu þeir fjölda Íslandsmeta á árinu 2021. Már alls 13 og Róbert alls 12.

Á Evrópumeistaramótinu í 50m laug í Portúgal vann Róbert Ísak brons í 200m fjórsundi og silfur í 100m flugsundi. Már setti nýtt heimsmet í 200m baksundi á Íslandsmótinu í aprílmánuði.

Báðir voru þeir Róbert og Már glæsilegir fulltrúar Íslands á Paralympics í Tókýó þar sem Már keppti í fjórum greinum og náði bestum árangri með 5. sæti í 100m baksundi. Róbert Ísak keppti í þremur greinum og náði í tvígang í 6. sæti í 200m fjórsundi og 100m flugsundi.

Þetta er í annað sinn sem þeir Már og Róbert hljóta nafnbótina en Már var fyrst valinn Íþróttamaður fatlaðra árið 2019 og Róbert Ísak árið 2017.



Júdókona og Júdómaður ársins eru Ingunn Rut Sigurðardóttir og Árni Pétur Lund



Ingunn Rut Sigurðardóttir

Aldur: 26 ára

Félag: Júdófélag Reykjavíkur

Ingunn Rut Sigurðardóttir úr Júdófélagi Reykjavíkur sem keppir í -63 og -70 kg flokki var valin Júdókona ársins 2021 og er það í þriðja skiptið sem hún hlýtur þann heiður.

Ingunn var stigahæst allra kvenna á árinu 2021. Besti árangur Ingunnar á árinu var þegar hún vann til bronsverðlauna á opna finnska meistaramótinu.

Einnig sigraði hún þrjú af fjórum mónum í mótröð JSÍ á árinu.

Helsti árangur 2021:

Opna finnska	3. sæti
Reykjavík Judo Open	1. sæti
Vormót	2. sæti
Íslandsmeistaramót	1. sæti
Haustmót	1. sæti

Árni Pétur Lund

Aldur: 22 ára

Félag: Júdófélag Reykjavíkur

Árni Pétur Lund úr Júdófélagi Reykjavíkur sem keppir í -81 kg var valin Júdómaður ársins 2021 og er það í fyrsta skipti sem hann hlýtur þann heiður.

Helsti árangur Árna á árinu eru 3. sæti á Opna Finnska meistaramótinu, 1. sæti á RIG 21, 1. sæti á Íslandsmóti í -81 kg flokki og 1. sæti Íslandsmóti í opnum flokki. Einnig var hann þátttakandi í Evrópumeistaramótinu í Lissabon.

Helsti árangur 2021:

Opna finnska	3. sæti
Reykjavík Judo Open	1. sæti
Vormót	2. sæti
Íslandsmeistaramót	1. sæti
Haustmót	1. sæti

Karatekona og Karatemaður ársins eru Ronja Halldórsdóttir og Hugi Halldórsson



Ronja Halldórsdóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Karatefélag Reykjavíkur

Ronja er ung og efnileg karatekona sem hefur verið að keppa bæði innanlands sem erlendis með góðum árangri.

Hún keppir í báðum keppnisgreinum karate og var nálægt því að vinna til verðlauna í báðum greinum á Norðurlandameistaramótinu í ár.

Árangur Ronju á árinu:

3. sæti NM í kumite junior kvenna - 59 kg.

Bikarmeistari kvenna 2021

1. sæti á RIG 2021 kumite senior female -61 kg

1. sæti á RIG 2021 kumite junior female +53 kg

1. sæti ÍM kumite senior female -61 kg

2. sæti ÍMU í kata junior female

2. sæti ÍMU kumite female -59 kg

Hún er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar

Hugi Halldórsson

Aldur: 16 ára

Félag: Karatefélag Reykjavíkur

Hugi er vaxandi karatemaður sem keppir í báðum greinum karate. Hann er að stíga sín fyrstu spor sem junior (16-17 ár) keppandi og hefur náð frábærum árangri bæði innlands sem utan.

Einnig hefur hann tekið þátt í fullorðinsmótum innalands og verið sigursæll á árinu.

Árangur Huga á árinu:

1. sæti á NM í kumite Junior -76 kg

Bikarmeistari karla 2021

1. sæti á RIG 2021 kumite cadet male +63 kg

1. sæti á RIG 2021 kata male cadet


1. sæti ÍM kumite senior male -75 kg

1. sæti ÍMU kumite junior male +68 kg

2. sæti ÍMU í kata junior male

3. sæti ÍM kata senior male

Hann er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.





Kvenkeilarí og Karlkeilarí ársins eru Marika Katarina E. Lönnroth og Gunnar Þór Ásgeirsson



Marika Katarina E. Lönnroth

Aldur: 28 ára

Félag: Keilufélag Reykjavíkur - KFR

Marika, sem fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir stuttu, hefur heldur betur sett svip á kvennakeiluna hér á landi.

Hún náði næst besta árangri kvenna á Reykjavíkurreikunum í upphafi árs en hún endaði í 15. sæti með 207,3 í meðaltal. Það gaf ákveðin fyrirheit fyrir Íslandmót einstaklinga sem fram fór í mars á þessu ári en þar stóð Marika uppi sem Íslandsmeistari kvenna í keilu 2021.

Hún kláraði keppnistímabilið 2020 til 2021 með liði sínu KFR Valkyrjum með því að landa bæði Íslands- og Bikarmeistararatítri deildarliða.

Marika lauk síðan árinu með enn einum Íslandsmeistaraítri þegar hún og Jón Ingi Ragnarsson úr KFR urðu Íslandsmeistarar para 2021.

Gunnar Þór Ásgeirsson

Aldur: 36 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur - ÍR

Gunnar Þór hefur heldur betur spilað sig upp sem einn besti keilari landsins. Gunnar Þór varð í 2. sæti á Íslandsmóti einstaklinga í ár og varð með liði sínu ÍR PLS bæði Íslands- og Bikarmeistari deildarliða.

Gunnar Þór fór til keppni á Evrópumóti landsmeistara sem fulltrúi Íslands og náði þar stórglæsilegum árangri og endaði þar í 5. sæti örfáum pinnum frá því að komast í úrslit mótsins.

Er hann 3. Íslendingurinn sem nær í efstu 8 á því móti.



Kvenklifrari og Karlklifrari ársins eru Hjördís Björnsdóttir og Rafn Emilsson



Hjördís Björnsdóttir

Aldur: 31 ára

Félag: Klifurfélag Reykjavíkur

Hjördís hefur náð miklum árangri undanfarin ár bæði á mótmum innanhúss og í klettum utanhúss.

Á þessu ári klifraði hún fyrst kvenna línuklifurleið af gráðunni 5.13a.

Þetta er annað árið í röð sem Hjördís hækkar gráðu sem íslenskur kvennklifrari hefur klifrað í línuklifri.

Hjördís vann einnig klifurmótið á Reykjavík International Games 2021.

Rafn Emilsson

Aldur: 40 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk


Rafn hefur klifrað í tæp 30 ár hérlandis og erlendis. Hann hefur reynslu í flestum gerðum af klifri og tekið þátt í uppyggingu klettaklifurs á Íslandi.

Á þessu ári kláraði hann fyrstur Íslendinga, ásamt Hilmari Ingimundarsyni, leiðina The Nose í Yosemite þjóðgarðinum í Bandaríkjum. Leiðin eru um 1000 m á þverhníptum vegg El Capitan. Þetta var hans önnur tilraun til þess að klára þessa frægu leið.

Það þarf mikla reynslu og þrautsegju til að klára svona verkefni en stór hluti þess er undirbúningurinn. Þá hjálpar að hafa víðtæka reynslu af margskonar klifri og línuvinnu.



Knattspyrnukona og Knattspyrnumaður ársins eru Sveindís Jane Jónsdóttir og Kári Árnason



Sveindís Jane Jónsdóttir

Aldur: 20 ára

Félag: Wolfsburg, Þýskalandi

Sveindís Jane Jónsdóttir er Knattspyrnukona ársins í fyrsta skipti.

Sveindís Jane gekk til liðs við þýska stórlíðið Wolfsburg í upphafi árs, en var svo lánuð til Svíþjóðar þar sem hún lék með Kristanstads DFF á nýliðnu tímabili. Þar átti hún stóran þátt í góðu gengi liðsins sem tryggði sér sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Sveindís Jane lék 24 leiki með liðinu á tímabilinu og skoraði í þeim átta mörk.

Hún er einnig mikilvægur hlekkur í íslenska landsliðinu sem leikur í lokakeppni EM 2022 næsta sumar.

Á árinu hefur hún leikið átta leiki með liðinu og skorað í þeim fjögur mörk.

Kári Árnason

Aldur: 39 ára

Félag: Víkingur Reykjavík

Kári Árnason er Knattspyrnumaður ársins í fyrsta skipti.

Kári lék með Víking R. á síðasti tímabili, en lagði skóna á hilluna að því loknu.

Hann varð tvöfaldur meistari með liðinu í sumar, en Víkingar urðu Íslandsmeistarar í fyrsta sinn í 32 ár ásamt því að verja bikarmeistaratitilinn.

Kári lék 23 leiki í deild og bikar á tímabilinu og skoraði í þeim eitt mark, en það kom einmitt í síðasta leik hans á ferlinum, í bikarúrslitunum gegn ÍA.

Kári lék þrjá leiki með íslenska landsliðinu á árinu, og fyrir leik liðsins gegn Liechtenstein 11. október var hann heiðraður fyrir feril sinn með liðinu.



Kraftlyftingakona og Kraftlyftingamaður ársins eru Kristín Þórhallsdóttir og Viktor Samúelsson



Kristín Þórhallsdóttir

Aldur: 37 ára

Félag: Kraftlyftingafélag Akraness

Kristín keppir í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki.

Hún varð stigahæsti kraftlyftingamaður Íslands árið 2021 með 106,03 stig.

Árið var viðburðaríkt hjá Kristínu eins og hér má sjá:

- Önnur á heimslista í -84kg flokki
- Evrópumeistari 2021
- Bronsverðlaunahafi á HM
- Gull í hnébeygju á EM
- Gull í bekkpressu á EM
- Gull í réttstöðulyftu á EM
- Brons í hnébeygju á HM
- Evrópumet í hnébeygju með 220 kg
- Evrópumet í samanlögðu með 560 kg, en það er fjórði besti árangur sem náðst hefur í þessum flokki í sögunni.
- Íslandsmeistari 2021
- Hefur bætt öll Íslandsmet á árinu
- Sigrði á Reykjavíkurleikunum 2021

Viktor Samúelsson

Aldur: 28 ára

Félag: Kraftlyftingafélag Akureyrar

Viktor hefur einu sinni áður hlotið þennan heiður er hann var valinn Kraftlyftingamaður ársins 2015.


Viktor keppir í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum í -105kg flokki.

Árið var viðburðaríkt hjá Viktori:

- Stigahæsti kraftlyftingakarl Íslands árið 2021 með 99,93 stig
- Heimsmeistaramót 2021 – 6.sæti
- Evrópumót 2021 – 6.sæti
- Íslandsmeistari 2021 í klassískum kraftlyftingum
- Íslandsmeistari 2021 í klassískri réttstöðulyftu
- Íslandsmeistari 2021 í réttstöðulyftu.
- Sigrði á Reykjavíkurleikunum 2021
- Íslandsmet í hnébeygju, bekkpressu og í samanlögðu á árinu.



Körfuknattleikskona og Körfuknattleiksmaður ársins eru Sara Rún Hinriksdóttir og Elvar Már Friðriksson



Sara Rún Hinriksdóttir

Aldur: 25 ára

Félag: Phoenix Constanta, Rúmeníu

Sara Rún er að hljóta viðurkenninguna í annað árið í röð. Sara Rún sem er uppalin með Keflavík lék á síðustu leiktíð með Haukum og átti mjög gott tímabil sem endaði með því að hún var valin Besti leikmaður deildarinnar á lokahófi KKÍ.

Sara Rún lék með landsliðinu í febrúar 2021 í landsliðs-glugganum sem fram fór í Slóveníu og var ein af lykilmönnum íslenska liðsins líkt og að undanförnu. Fyrir þetta tímabil gerði hún nýjan samning við lið Phoenix Constanta í Rúmeníu og leikur því sem atvinnumaður þar í vetur. Sara Rún hefur átt góða byrjun þar, er með 14 stig að meðatali eftir níu leiki og er á topplista yfir deildina í stigaskori og er meðal leiðtoga í flest öllum tölfraðiþáttum í sínu liði.

Landsliðið lék að two landsleiki í nóvember í nýrri undankeppni EM kvenna 2023 og þar var Sara Rún öflug og leiðir liðið í stigaskorun.

Sara Rún hefur verið að sýna mikla framför í sínum leik og verið að taka sér leiðtogaþlutverk með landsliðinu og því ljóst að á næstu árum verður hún áfram ein af mikilvægustu leikmönnum landsliðsins.

Elvar Már Friðriksson


Aldur: 27 ára

Félag: Antwerp Giants, Belgíu

Elvar Már er að hljóta nafnbótina „Körfuknattleiksmaður ársins“ í fyrsta sinn.

Elvar Már átti frábært ár í fyrra þegar hann lék heilt tímabil með BC Siauliai í efstu deild í Litháen. Elvar Már átti hvern frábæra leikinn af öðrum fyrir sitt lið en liðið átti brösugt upphaf á tímabilinu þrátt fyrir það. Elvar átti í kjölfarið stóran hlut í velgengni liðsins þegar á leið því liðið fór á fleygiferð og fór upp úr neðri hlutanum og alla leið inn í úrslitakeppnina með því að enda í 7. sæti, einum leik frá 5. sætinu. Elvar Már var með frábæra tölfraði og framlag til liðsins og var á endanum valinn „MVP - Leikmaður ársins“ í litháensku deildinni og varð hann þar með aðeins fimmti erlendi leikmaðurinn í sögu þessarar miklu körfuknattleiksþjóðar til að hljóta þá viðurkenningu í karladeildinni.

Elvar Már gerði í kjölfarið samning við Antwerp Giants í Belgíu sem hefur verið eitt af stóru liðunum þar í landi og leikur með þeim þar í landi og í FIBA EuroCup í veturn. Með íslenska landsliðinu tók Elvar Már þátt í öllum leikjum liðsins, bæði í febrúar, sumar og í haust og var meðal bestu manna liðsins í hvert sinn. Hann átti mjög góða leiki fyrir Ísland á fyri hluta ársins og var stór þáttur í því afreki landsliðsins að tryggja sér sæti í riðlakeppninni í undankeppni HM sem nú fer fram.





Lyftingakona og Lyftingamaður ársins eru Þuríður Erla Helgadóttir og Arnór Gauti Haraldsson



Þuríður Erla Helgadóttir

Aldur: 30 ára

Félag: Lyftingafélag Kópavogs

Þuríður Erla Helgadóttir náði besta árangri íslenskrar konu á árinu á Evrópumeistaramótí Senior (fullorðinna) í Moskvu í apríl en þar lenti hún í 9. sæti sem er besti árangur sem íslensk kona hefur náð á því móti. Á mótinu náði hún 83 kg í snörun, 108 kg í jafnhendingu sem gaf henni 191 kg í samanlöögðum árangri og 263,2 Sinclair stig sem er besti árangur Þuríðar á móti síðan 2017.

Þuríður keppir í 59 kg flokki kvenna og heldur öllum Íslandsmetum í þeim flokki en þau eru 87 kg í snörun sem hún setti árið 2019 á EM í Georgíu, 108 kg í jafnhendingu og 191 kg í samanlöögðu sem hún setti í Moskvu í ár.

Arnór Gauti Haraldsson

Aldur: 23 ára

Félag: Lyftingafélag Garðabæjar

Arnór Gauti Haraldsson náði besta árangri íslenskra manna á árinu á Reykjavík International Games sem haldnir voru í janúar og vann það móti. Á mótinu náði hann 136 kg í snörun sem er núgildandi Íslandsmet í senior flokki sem og U23, 156 kg í jafnhendingu og 292 kg í samanlöögðum árangri sem færði honum 346 Sinclair stig.

Arnór Gauti heldur fimm Íslandsmetum í 89 kg flokki.

Tvenn í senior flokki og þrenn í U23.

Í Senior flokki heldur hann 136 kg í snörun eftir RIG 2021 og 294 kg eftir Sumarmótið 2020.

Í U23 heldur hann 136 kg í snörun eftir RIG 2021, 159 kg í jafnhendingu og 294 kg í samanlöögðum árangri eftir Sumarmótið 2020.

Árangur Arnórs á RIG færði honum keppnisrétt á Heimsmeistaramót Senior sem haldið var í Úzbekistan sem gaf honum mikla keppnisreynslu.

Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttafólk ársins eru **Sóley Sara David og Máni Freyr Pétursson**



Sóley Sara David

Aldur: 23 ára

Félag: Akstursfélag Hafnarfjarðar

Sóley Sara David er Akstursíþróttakona ársins en hún landaði sínum öðrum titli í MX kvennaflokkini núna árið 2021 eftir árshlé frá íþróttinni vegna barneigna en áður hafði hún orðið íslandsmeistari árið 2019.

Það þarf vart að fjölyrða hvað það er mikið á tak að koma úr barnseignafrí og keppa á hæsta stigi til Íslandsmeistara í einni erfiðstu íþrótt í heimi.

Sóley Sara hefur þroskast mikið á árinu sem akstursíþróttamaður sem sýndi sig vel í lokin í ár þegar hún keyrði upp á stig en ekki sigurs til að landa Íslandsmeistararatílli, en það dugði henni að enda í öðru sæti í síðustu keppni ársins til að landa titlinum.

Sóley Sara tók einnig þátt í Íslandsmeistaramótinu í enduro og stóð sig með ágætum.

Máni Freyr Pétursson

Aldur: 16 ára

Félag: Vélhjólaíþróttaklúbburinn VÍK

Máni Freyr er Akstursíþróttamaður ársins annað árið í röð.

Máni varði íslandsmeistaratitilinn í motocross – MX2 flokki annað árið í röð eftir mjög harða og jafna keppni.

Máni var í mjög harðri baráttu til Íslandsmeistara í enduro og í síðustu keppni ársins voru þrír líklegir til að hreppa titilinn. Máni hafnaði í þriðja sæti en hann var að taka þátt í mótaröðinni í fyrsta sinn og var valinn nýliði ársins í enduro.

Máni var valin í landsliðið sem fór til Ítalíu í haust þar sem landsliðið keppti á ólympíuleikum motocrossins, Motocross of Nations. Íslenska landsliðið tefli yngsta liðinu í keppninni og var frammistaða Mána mjög góð.

Máni er jafnframt framúrskarandi fyrirmynnd jafnt innan sem utan brautar og tekur þátt í að byggja upp íþróttina þótt ungar sé.



Siglingakona og Siglingamaður ársins eru Hólmfríður Gunnarsdóttir og Aron Elfar Árnason



Hólmfríður Gunnarsdóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Hólmfríður Gunnarsdóttir er okkar fremsta kænu siglingakona hún hefur stundað siglingar í Siglingafélaginu Brokey síðan hún man eftir sér. Byrjaði að keppa á optímisti þegar hún var níu ára með góðu móti og var alltaf að bæta sig.

Þegar hún varð sextán ára færðist hún upp um flokk og hóf að sigla Laser, þar sem hún náði góðum árangri keppti m.a. nokkrum sinnum á Norðurlandamótí unglings.

Hólmfríður keppti á Heimsmeistaramótí Unglinga í Oman, Desember 2021 og lenti í 42 sæti. Þetta er besti árangur Íslands á allþjóðasiglingamótí í ár. Besti árangur hennar í keppninni var 25. sæti í umferð nr. 6.

Núna stefnir Hólmfríður á að að keppa á heimsmeistaramótí í Hollandi sumarið 2022.

Aron Elfar Árnason

Aldur: 58 ára

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Aron Elfar Árnason er eigandi og skipstjóri skútunnar Íris sem er af gerðinni X-79.

Hann keppir fyrir Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey og hefur gert það til fjölda ára.

Aron og áhöfn hans hafa staðið sig vel undanfarin ár og í ár gekk allt upp hjá þeim. Ekki aðeins náðu þeir frábærum árangri á Íslandsmeistaramótinu í sumar með sigri í þremur umferðum og öðru sæti í öðrum þremur sem skilaði skútunni Írisi í öruggt fyrsta sæti heldur unnu þeir einnig MBL mótaröðina með öryggi.

Árangur Írisar og skipstjóra hennar á árinu er ástæða þess að Aron er svo sannarlega Siglingamaður ársins 2021.



Skautakona ársins er Aldís Kara Bergsdóttir



Aldís Kara Bergsdóttir

Aldur: 18 ára

Félag: Skautafélag Akureyrar

Aldís Kara æfir með Skautafélagi Akureyrar undir leiðsögn Darja Zajcenko. Er þetta í þriðja sinn í röð sem hún hlýtur tilnefningu til Skautakonu ársins.

Hún hefur ekki látið heimsfaraldur stöðva sig og er jafnvel enn staðfastari í sínum markmiðum en áður, en þau voru að ná lágmörkum inn á Evrópumeistaramót og Heimsmeistaramót.

Í stuttu máli sagt vann Aldís Kara sér inn keppnisrétt á Evrópumeistaramóti í listskautum, fyrst íslenskra skautara. Þetta er sögulegur árangur fyrir íslenska íþróttahreyfingu og þá að sjálfsögðu sérstaklega fyrir skautaíþróttir.

Mikil og þrolaus vinna er á bak við þennan glæsilega árangur Aldísar Körú og hefur hún sett markið enn hærra og stefnir að því að ná líka lágmörkum fyrir Heimsmeistaramót.

Á nýju keppnistímabili keppti hún á tveimur ISU Challenger Series mótum, í september og október, með það að markmiði að ná lágmarksstigum á EM og HM sem og að reyna við lágmörk á Olympíuleikana 2022.

Nýtt ár mun hefjast með þáttöku Aldísar á Evrópumeistaramótinu í Tallin, Eistlandi, dagana 6. – 10. janúar. Þátttaka hennar er ekki síður mikilvæg fyrir alla íþróttina en það er í fyrsta sinn sem íslenskur skautari vinnur sér þáttökurétt á því móti.





Skíðakona og Skíðamaður ársins eru Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Snorri Einarsson



Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir

Aldur: 23 ára

Félag: Skíðadeild Ármanns

Hólmfríður Dóra átti gott ár og náði mörgum góðum úrslitum.

Á árinu náði hún þeim merka árangri að sigra á sínu fyrsta aljóðlega FIS móti á erlendri gruntu. Hólmfríður létt það ekki duga en samtals sigraði hún þrjú mótt erlendis og var 20 sinnum í efstu 10 sætunum.

Hólmfríður náði einnig 35.sæti á HM í Cortina í stórvigi.

Helstu úrslit:

1.sæti – FIS NC SL, Suomu FIN

1.sæti – FIS NJC GS, Yllas FIN

2.sæti – FIS SL, Champoluc ITA

Heimslisti:

Svig: 506.sæti (15,2%*)

Stórvig: 515.sæti (15,8%*)

Risasvig: 598.sæti (34,3%*)

Brun: 424.sæti (46,1%*)

Snorri Einarsson

Aldur: 35 ára

Félag: Skíðagöngufélagið Ullur

Snorri tekur virkan þátt í heimsbikarmótaröðinni í skíðagöngu í lengri vegalengdum.

Á árinu endaði hann í 41.sæti í Tour de Ski mótaröðinni og náði einu sinni á meðal 30 efstu keppendana í heimsbikarnum, en það var í Val di Fiemme.

Á HM náði hann bestum árangri í 30 km skiptigöngu þar sem hann endaði í 57.sæti.

Helstu úrslit:

30.sæti – Heimsbikar WC 10km F, Val di Fiemme ITA

38.sæti – Heimsbikar WC 15 km C, Val di Fiemme ITA

41.sæti – Heimsbikar WC 15 km F, Toblach ITA

Heimslisti:

Sprettganga: 444.sæti (12,5%*)

Lengri vegalengdir: 213.sæti (4,8%*)



Skotíþróttakona og Skotíþróttamaður ársins eru Helga Jóhannsdóttir og Ásgeir Sigurgeirsson



Helga Jóhannsdóttir

Aldur: 58 ára

Félag: Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar

Helga varð Íslandsmeistari í haglabyssugreininni Skeet, setti nýtt Íslandsmet, náði 4 sinnum yfir Olympíulágmarkið.

Hún kepti fyrir Íslands hönd á Heimsbikarmóti og á Evrópumeistaramóti.

Ásgeir Sigurgeirsson

Aldur: 36 ára

Félag: Skotfélag Reykjavíkur

Ásgeir tryggði sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Tókýó 2021 með frábærum árangri á erlendum vettvangi undanfarin ár.

Hann hefur sigrað á öllum innlendum mótum í sínum greinum, loftskammbýssu og frjálsri skammbýssu.

Ásgeir er sem stendur í 45.sæti á Heimslistanum og í 25. sæti á Evrópulistanum.



Skylmingakona og Skylmingamaður ársins eru **Anna Edda Gunnarsdóttir Smith og Andri Nikolaysson Mateev**



Anna Edda Gunnarsdóttir Smith

Aldur:

Félag: Skylmingadeild FH

Þetta er í fyrsta skiptið sem Anna Edda Gunnarsdóttir Smith hlýtur verðlaun fyrir Skylmingakonu ársins.

Hún fékk silfurverðlaun í keppni kvenna með höggsverði á Reykjavíkurleikunum í byrjun árs 2021.

Anna Edda hafnaði í þriðja sæti á Norðulandameistaramótinu í kvennaflokki á árinu, sem var haldið í Finnlandi.

Hún er án efa ein efnilegasta skylmingakona Íslands og hefur mikla möguleika í að ná langt í framtíðinni

Andri Nikolaysson Mateev

Aldur:

Félag: Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

Andri Nikolaysson Mateev er Skylmingamaður ársins í fimmta sinn. Hann varð RIG meistari á árinu.

Síðastliðinn september hóf Andri starfsemi sína í Ólympíuhópi Christian Bauer í Frakklandi. Christian hefur unnið allt að 5 ólympíugullum sem þjálfari og er það afar mikill heiður að fá að vinna með honum.

Andri var hársbreidd frá því að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana í sumar og endaði hann þar í fimmta sæti af 24 sterkum keppinautum í Evrópu þar sem aðeins eitt aukasæti er gefið.

Hans aðalmarkmið er að ná þátttökurétti á leikunum og leggur hann mikið á sig í að keppa í París árið 2024.

Sundkona og Sundmaður ársins eru Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Anton Sveinn McKee



Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Aldur: 21 ára

Félag: Aalborg Svømmeclub, Danmörku

Snæfríður Sól náði bestum árangri íslenskra kvenna í sundi á árinu 2021, samkvæmt útgefnum viðmiðum SSÍ. Snæfríður synti á sínum yngri árum í Hveragerði fyrir sundfélagið Hamar, en flutti til Árósa þegar hún var 11 ára gömul.

Hún keppti á Ólympíuleikum ungmenna sem haldnir voru í Buenos Aires 2018.

Snæfríður Sól keppti á sínum fyrstu Ólympíuleikum í Tokyo í sumar.

Snæfríður Sól setti Íslandsmet í 200 metra skriðsundi á Ólympíuleikunum í Tókýó þegar hún synti á tímanum 2:00,20 í 50m laug og varð í 22. sæti á leikunum.

Snæfríður komst í undanúrslit á Evrópumeistaramótinu í 25m laug í Kazan í nóvember og varð í 12. sæti í 200m skriðsundi.

Snæfríður er góð fyrimynd jafnt sem sundkona og íþróttamaður utan laugar. Hún er ung að árum og á bjarta framtíð fyrir sér. Næstu mánuði mun hún einbeita sér að því að ná lágmórkum fyrir Heimsmeistaramótið sem halidð verður í Japan í maí 2022.

Snæfríður Sól er verðugur fulltrúi sundhreyfingarinnar og hún er vel að viðurkenningunni komin.

Anton Sveinn McKee

Aldur: 28 ára

Félag: Sundfélag Hafnarfjarðar

Anton Sveinn McKee er Sundmaður ársins fjórða árið í röð.

Anton býr í Vestur-Virginíuríki þar sem hann stundar æfingar, en hann var eini íslenski íþróttamaðurinn sem tryggði sér A- lágmark fyrir ÓL í Tókýó.

Anton Sveinn tók aftur þátt í ISL mótaröðinni á Ítalíu, með liði Toronto Titans. Á mótaröðinni í ár hafnaði Anton Sveinn þrisvar í efstu þremur sætunum og var mjög mikilvægur sundmaður fyrir Toronto Titans.

Anton Sveinn keppti á EM25 í Kazan í nóvember, en þar synti hann 200m bringusund og varð í 10. sæti.

Í dag er Anton Sveinn er skráður í 13. sæti á heimslistanum í 200m bringusundi í 25m laug. Það eitt og sér er gríðarlega góður árangur, en að auki er hann í 7. sæti á lista yfir hröðstu sundmenn í Evrópu.

Anton Sveinn er mjög góð fyrimynd jafnt sem sundmaður og íþróttamaður utan laugar. Hann hefur sýnt mikla og góða ástundun, en Ólympíuleikarnir í Tókýó voru þeir þriðju sem Anton hefur tekið þátt í. Anton Sveinn hefur mikinn áhuga á að ná að keppa á sínum fjórðu Ólympíuleikum, í París 2024.

Áður en að þeim leikum kemur er stefnan tekin á HM50 í Japan í maí á næsta ári.

Anton hefur verið mjög örlátur við að miðla reynslu sinni og þekkingu til ungra og upprennandi sundmanna með ýmsum hætti.

Taekwondokona og Taekwondomaður ársins eru **Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Leo Anthony Speight**



Ingibjörg Erla Grétarsdóttir

Aldur: 27 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk

Ingibjörgu Erlu Grétarsdóttur þarf vart að kynna fyrir þá sem fylgjast með taekwondo bardaga á Íslandi. Hún keppir nú í -57 senior og hefur verið í algjörum sérflokki þar og er sa kvenkeppandi okkar sem hefur landað stærstu alþjóðlegu medalíunum. Má þar meðal annars nefna silfur á Serbian open sem var gríðarlega sterkt móti. Hún er einnig margfaldur Íslands- og Norðurlandameistari og gífurlega glæsileg fyrirmund fyrir alla sem koma að Taekwondo á Íslandi. Árið 2021 hefur verið viðburðaríkt hjá Ingibjörgu eftir að keppnir byrjuðu aftur erlendis. Hún hefur sótt fjölda móta og æfinga erlendis og bætingin verið heilmikil og árangurinn eftir því.

Ingibjörg hefur verið að keppa á G-mótum sem eru sterkustu alþjóðlegu mótin og hefur núna í haust keppt á 5 slíkum. Það hefur verið mikill stígandi í árangri og tókst henni meðal annars að vinna konu frá Marokkó sem er númer 12 á heimslistanum en er komin í 7. sætið núna þegar þetta er skrifad og er það sennilega einn stærsti sigur sem kvenkeppandi frá Íslandi hefur náð.

Afrek á árinu :

5. sæti Montenegro Open (sigrarði keppanda númer 12/7 á heimslistanum)
8. sæti Albania Open
17. sæti French Open

Leo Anthony Speight

Aldur: 20 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk

Leo Anthony Speight hefur um árabil verið okkar öflugasti bardagamaður. Hann keppir í -68 senior sem er einn erfiðasti flokkur sem hægt er að keppa í.

Leo hefur unnið allt sem hægt er að vinna á Íslandi og er margfaldur Íslandsmeistari og Norðurlandameistari. Hann hefur einnig unnið til margra verðlauna á alþjóðlegum móti. Leo er ótrúlega flott fyrirmund bæði þegar kemur að aga við æfingar og íþróttamannslega hegðun, hann er til fyrirmynadar á öllum sviðum.

Árið 2021 hefur verið viðburðaríkt hjá Leo Anthony eftir að keppnir byrjuðu aftur erlendis. Hann hefur sótt fjölda móta og æfinga erlendis og bætingin verið heilmikil. Leo hefur verið að keppa á G-mótum sem eru sterkustu alþjóðlegu mótin og núna í haust fór hann á 5 móti. Það hefur verið mikill stígandi í árangri og nú undir lok ársins komst hann á pall á Breska meistaramótinu í geysi öflugum -68 senior flokki.

Afrek á árinu :

- Brons Breska meistarmótið 1 Senior A -68kg í bardaga
17. sæti á opna Franska Senior A -68kg í bardaga

Tenniskona og Tennismaður ársins eru **Sofia Sóley Jónasdóttir og Egill Sigurðsson**



Sofia Sóley Jónasdóttir

Aldur: 19 ára

Félag: Tennisfélag Kópavogs

Sofia hefur staðið sig mjög vel í ár og tryggði Íslandi sigur á móti Ghana á Heimsmeistaramóti kvennalandsliða "Billie Jean King Cup" (BJKC) í júní í Vilnius, Litháen, þegar hún vann báða sína leiki, annars vegar í einliða, og hins vegar í tvíliðaleik ásamt Heru Björk Brynjarsdóttur.

Á HM (BJKC) keppti Sofia í efsta sæti fyrir hönd Íslands á móti Armeníu, Azerbaijan og Írlandi. Hún hefur verið ósigrandi á mótaröð Tennissambands í ár og varð sigurvegari í einliðaleik á tveimur stærstu tennismótum ársins – Íslandsmóti TSÍ Utanhúss og Íslandsmóti TSÍ Innanhús.

Sofia er frábær fyrirmund bæði innan vallar sem utan. Hún stundar nám í fjármálaverkfraði við Háskólan í Reykjavík.

Egill Sigurðsson

Aldur: 23 ára

Félag: Tennisdeild Víkings

Egill er eini Íslendingurinn á heimslista Alþjóða tennis-sambandsins (ITF) í dag, númer 1.821.

Egill keppti á sextán atvinnumótum í fimm löndum á árinu; Egyptalandi, Hollandi, Kýpur, Spáni og Tyrklandi.

Hann vann sex leiki, fjóra þeirra á móti leikmönnum sem eru á heimslista Alþjóðatenissambandsins og einn þeirra á stigalista atvinnumanna.

Egill keppti líka í efsta sæti fyrir hönd Íslands á Heimsmeistaramóti karlalandsliðiða "Davis Cup" (DC) í júní í Larnaca, Kýpur, á móti Georgíu, Kýpur og Luxembourg.

Eins og Sofia þá er Egill frábær fyrirmund innan sem utan vallar og hefur lagt mikið á sig til að koma sér á heimslista ITF. Hann stundar einnig fjarnám í ensku við Háskóla Íslands.

Þríþrautarkona og Þríþrautarmaður ársins eru
Guðlaug Edda Hannesdóttir og Sigurður Örn Ragnarsson



Guðlaug Edda Hannesdóttir

Aldur: 27 ára

Félag: UMF. Breiðablik

Guðlaug Edda Hannesdóttir byrjaði árið mjög vel en hún keppti á Flórida og vann þar sprettþraut í Clermont og varð svo í 3. sæti í annari sprettþraut í Sarasota viku síðar. Báðar keppnir voru sterkar með konum sem tóku þátt á Olympíuleikunum í sumar.

Guðlaug keppti svo í maí í Yokohama í sterkstu mótaröð Alþjóða þríþrautarsambandsins sem jafnframt var ein af síðustu keppnum ársins þar sem hægt var að ná í stig fyrir Olympíuleikana og hún náði þar 35. sæti þrátt fyrir að vera farin að glíma við meiðsli.

Næsta keppni var svo í Portúgal í maí en þar lenti Guðlaug Edda í óhappi á hjólinu og braut hendi.

Hún fór svo í stóra aðgerð á mjöödm í sumar og var frá keppni út árið en er búin að ná sér að mestu og mun hefja keppni aftur í mars á næsta ári með stefnu á Olympíuleikana 2024.

Þetta er 5. árið í röð sem Guðlaug Edda er valin þríþrautarkona ársins.

Sigurður Örn Ragnarsson

Aldur: 30 ára

Félag: UMF. Breiðablik

Sigurður Örn Ragnarsson vann allar bikarkeppnir sumarsins á Íslandi með yfirburðum og varð jafnframt þrefaldur Íslandsmeistari í þríþraut.

Sigurður bætti m.a. besta tíma Íslendinga í Ólympískri þríþraut og keppti einnig með góðum árangri í einstökum greinum innan þríþrautarinnar.

Þetta er 4. árið í röð sem Sigurður er valin þríþrautarkarl ársins.

